

	<b>I EES-STOFNANIR</b>	
	<b>1. EES-ráðið</b>	
	<b>2. Sameiginlega EES-nefndin</b>	
	Til lesenda .....	1
<b>2010/EES/59/01</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn .....	1
<b>2010/EES/59/02</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn ..	3
<b>2010/EES/59/03</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn ..	4
<b>2010/EES/59/04</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn ..	6
<b>2010/EES/59/05</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn .....	7
<b>2010/EES/59/06</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn .....	9
<b>2010/EES/59/07</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn .....	10
<b>2010/EES/59/08</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn .....	11
<b>2010/EES/59/09</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn .....	12
<b>2010/EES/59/10</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn .....	13
<b>2010/EES/59/11</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) og bókun 37 við EES-samninginn .....	15
<b>2010/EES/59/12</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn .....	17

<b>2010/EES/59/13</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn . . . . .	<b>20</b>
<b>2010/EES/59/14</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn . . . . .	<b>22</b>
<b>2010/EES/59/15</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins. . . . .	<b>23</b>
	<b>3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin</b>	
	<b>4. Ráðgjafarnefnd EES</b>	
	<b>II EFTA-STOFNANIR</b>	
	<b>1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna</b>	
	<b>2. Eftirlitsstofnun EFTA</b>	
	<b>3. EFTA-dómstóllinn</b>	
	<b>III EB-STOFNANIR</b>	
	<b>1. Ráðið</b>	
	<b>2. Framkvæmdastjórnin</b>	
	<b>3. Dómstóllinn</b>	

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

### Til lesenda

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2010 var afturkölluð áður en hún var samþykkt og myndar því eyðu í númeraröðinni.

### ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 81/2010

2010/EES/59/01

frá 2. júlí 2010

### um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2010 frá 11. júní 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 885/2009 frá 25. september 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 378/2005 að því er varðar viðmiðunarsýni, þóknarir og rannsóknarstofur sem tilgreindar eru í II. viðauka <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1269/2009 frá 21. desember 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 243/2007 að því er varðar lágmarksinnihald aukefnis í fóðri fyrir eldissvín <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1270/2009 frá 21. desember 2009 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 8/2010 frá 23. desember 2009 um að leyfa sérinpróteasa, sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* (DSM 19670), sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, umboðsaðili er DSM Nutritional Products Sp.Z.o.o) <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 9/2010 frá 23. desember 2009 um að leyfa endó-1,4-beta-xýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC PTA 5588), sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, varphænur, endur og eldiskalkúna (leyfishafi er Danisco Animal Nutrition, Finnfeeds International Limited) <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/6/ESB frá 9. febrúar 2010 um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB að því er varðar kvikasilfur, óbundið gossýpól, nítrít og *Mowrah*, *Bassia*, *Madhuca* <sup>(7)</sup>.
- 8) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

<sup>(1)</sup> Stj.útd. ESB L 244, 16.9.2010, bls. 6, og EES-viðbætur við Stj.útd. ESB nr. 49, 16.9.2010, bls. 5.

<sup>(2)</sup> Stj.útd. ESB L 254, 26.9.2009, bls. 58.

<sup>(3)</sup> Stj.útd. ESB L 339, 22.12.2009, bls. 27.

<sup>(4)</sup> Stj.útd. ESB L 339, 22.12.2009, bls. 28.

<sup>(5)</sup> Stj.útd. ESB L 3, 7.1.2010, bls. 7.

<sup>(6)</sup> Stj.útd. ESB L 3, 7.1.2010, bls. 10.

<sup>(7)</sup> Stj.útd. ESB L 37, 10.2.2010, bls. 29.

## ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

## 1. gr.

Ákvæði II. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1zzh (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005):  
„– **32009 R 0885**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 885/2009 frá 25. september 2009 (Stjtið. ESB L 254, 26.9.2009, bls. 58).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1zzzn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 243/2007):  
„– **32009 R 1269**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1269/2009 frá 21. desember 2009 (Stjtið. ESB L 339, 22.12.2009, bls. 27).“
3. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 1zzzzu (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1096/2009):  
„1zzzzv. **32009 R 1270**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1270/2009 frá 21. desember 2009 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fœðri (Stjtið. ESB L 339, 22.12.2009, bls. 28).  
1zzzzw. **32010 R 0008**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 8/2010 frá 23. desember 2009 um að leyfa serínpróteasa, sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* (DSM 19670), sem fœðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, umboðsaðili er DSM Nutritional Products Sp.Z.o.o) (Stjtið. ESB L 3, 7.1.2010, bls. 7).  
1zzzzx. **32010 R 0009**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 9/2010 frá 23. desember 2009 um að leyfa endó-1,4-beta-xýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC PTA 5588), sem fœðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, varphænur, endur og eldiskalkúna (leyfishafi er Danisco Animal Nutrition, Finnfeeds International Limited) (Stjtið. ESB L 3, 7.1.2010, bls. 10).“
4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 33. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB):  
„– **32010 L 0006**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/6/ESB frá 9. febrúar 2010 (Stjtið. ESB L 37, 10.2.2010, bls. 29)“

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 885/2009 og reglugerða (ESB) nr. 1269/2009, 1270/2009, 8/2010 og 9/2010 og tilskipunar 2010/6/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. júlí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. júlí 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Stefán Haukur Jóhannesson**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 82/2010****2010/EES/59/02****frá 2. júlí 2010****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2009 frá 29. maí 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/121/EB frá 14. september 2009 um breytingu á I. og V. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/121/EB um textílheiti í því skyni að laga þá að tækniframförum <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við í lið 4c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/121/EB) í XI. kafla II. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32009 L 0121**: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/121/EB frá 14. september 2009 (Stjtið. ESB L 242, 15.9.2009, bls. 13).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/121/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. júlí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. júlí 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 232, 3.9.2009, bls. 10, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 47, 3.9.2009, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 242, 15.9.2009, bls. 13.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 83/2010**

2010/EES/59/03

frá 2. júlí 2010

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við**  
**EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2010 frá 11. júní 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 105/2010 frá 5. febrúar 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum að því er varðar okratoxín A <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 165/2010 frá 26. febrúar 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum að því er varðar aflatoxín <sup>(3)</sup>.
- 4) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54zzzz (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „– **32010 R 0105**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 105/2010 frá 5. febrúar 2010 (Stjtið. ESB L 35, 6.2.2010, bls. 7),
- **32010 R 0165**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 165/2010 frá 26. febrúar 2010 (Stjtið. ESB L 50, 27.2.2010, bls. 8).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 105/2010 og 165/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. júlí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 244, 16.9.2010, bls. 6, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 49, 16.9.2010, bls. 5.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 35, 6.2.2010, bls. 7.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 50, 27.2.2010, bls. 8.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. júlí 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 84/2010****2010/EES/59/04**

frá 2. júlí 2010

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2010 frá 30. apríl 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/164/ESB frá 22. desember 2009 um breytingu á II. og III. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga þá að tækniframförum <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 76/768/EBE) í XVI. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32009 L 0164**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/164/ESB frá 22. desember 2009 (Stjtið. ESB L 344, 23.12.2009, bls. 41).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/164/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. júlí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. júlí 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Stefán Haukur Jóhannesson**

formaður.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 16, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 15.7.2010, bls. 20.

(<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 344, 23.12.2009, bls. 41.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.



**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 85/2010****2010/EES/59/05****frá 2. júlí 2010****um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2010 frá 30. apríl 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/111/EB frá 16. september 2009 um breytingar á tilskipunum 2006/48/EB, 2006/49/EB og 2007/64/EB að því er varðar banka sem tengjast miðlægum stofnunum, tiltekna þætti eigin fjár, stórar áhættur, fyrirkomulag eftirlits og áhættustjórnun <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði IX. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB) og 31. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB):  
„– **32009 L 0111**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/111/EB frá 16. september 2009 (Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 97).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 16e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB):  
„eins og henni var breytt með:  
– **32009 L 0111**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/111/EB frá 16. september 2009 (Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 97).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/111/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. júlí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*) eða gildistökuðag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2008 frá 6. júní 2008 <sup>(3)</sup> eða gildistökuðag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2008 frá 7. nóvember 2008 <sup>(4)</sup>, hvað sem síðast varð.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 18, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 35, 15.7.2010, bls. 23.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 97.

<sup>(\*)</sup> Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 27, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 58, 25.9.2008, bls. 9.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 103, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 79, 18.12.2008, bls. 11.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. júlí 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 86/2010****2010/EES/59/06****frá 2. júlí 2010****um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) X. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2009 frá 9. júní 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/739/EB frá 2. október 2009 um fyrirkomulag upplýsingaskipta með rafrænum hætti milli aðildarríkjanna skv. VI. kafla tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 1. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB) í X. viðauka við samninginn:

„1a. **32009 D 0739**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/739/EB frá 2. október 2009 um fyrirkomulag upplýsingaskipta með rafrænum hætti milli aðildarríkjanna skv. VI. kafla tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum (Stjtíð. ESB L 263, 7.10.2009, bls. 32).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2009/739/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. júlí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. júlí 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 162, 25.6.2009, bls. 23, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 33, 25.6.2009, bls. 8.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 263, 7.10.2009, bls. 32.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 88/2010****2010/EES/59/07****frá 2. júlí 2010****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2010 frá 11. júní 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/965/EB frá 30. nóvember 2009 um tilvísunarskjalið sem um getur í 4. mgr. 27. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/57/EB um rekstrarsamhæfi járnbrautakerfisins í Bandalaginu <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 37db (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/163/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„37dc. **32009 D 0965**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/965/EB frá 30. nóvember 2009 um tilvísunarskjalið sem um getur í 4. mgr. 27. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/57/EB um rekstrarsamhæfi járnbrautakerfisins í Bandalaginu (Stjtið ESB L 341, 22.12.2009, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2009/965/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. júlí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. júlí 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Stefán Haukur Jóhannesson**

formaður.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 244, 16.9.2010, bls. 34, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 49, 16.9.2010, bls. 33.

(<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 341, 22.12.2009, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 89/2010****2010/EES/59/08****frá 2. júlí 2010****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2010 frá 11. júní 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/149/EB frá 27. nóvember 2009 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/49/EB að því er varðar sameiginlega öryggisvísa og sameiginlegar aðferðir við að reikna út kostnað vegna slysa <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 42e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/49/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„– **32009 L 0149**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/149/EB frá 27. nóvember 2009 (Stjtið. ESB L 313, 28.11.2009, bls. 65).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/149/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. júlí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. júlí 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Stefán Haukur Jóhannesson**

formaður.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 244, 16.9.2010, bls. 34, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 49, 16.9.2010, bls. 33.

(<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 313, 28.11.2009, bls. 65.

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 90/2010****2010/EES/59/09****frá 2. júlí 2010****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2010 frá 11. júní 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1371/2007 frá 23. október 2007 um réttindi og skyldur lestarfarþega <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 42g (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/59/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„42h. **32007 R 1371**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1371/2007 frá 23. október 2007 um réttindi og skyldur lestarfarþega (Stjtið ESB L 315, 3.12.2007, bls. 14).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1371/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. júlí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. júlí 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 244, 16.9.2010, bls. 34, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 49, 16.9.2010, bls. 33.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 315, 3.12.2007, bls. 14.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 91/2010****2010/EES/59/10****frá 2. júlí 2010****um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2010 frá 11. júní 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 461/2010 frá 27. maí 2010 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða á sviði vélknúinna ökutækja <sup>(2)</sup>.
- 3) Gildistími reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1400/2002 <sup>(3)</sup> rann út 31. maí 2010, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Texti liðar 4b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1400/2002) í XIV. viðauka við samninginn hljóði svo:

